

Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 19. apríl 2005.

## Efni: Umsögn um frumvarp til laga um happdrætti, 675 þingmál.

### Almenn umsögn:

*Beiðni þessi um umsögn var send Samtökum áhugafólks um spilafíkn. Rétt er í upphafi að nefna að sá sjálfsprottni hópur sem leitast hefur við að vekja athygli á dapurlegum afleiðingu spilafíknar er áhugahópur um aðgerðir gegn spilafíkn!*

Núgildandi lög eru gömul og verða að teljast ófullkomin, svo það er fagnaðarefni að fram komi frumvarp til laga um happdrætti. Almennt lítum við þó svo á að til þess að hægt sé að líta á þetta sem heildarlög þurfi að sameina í einn lagabálk lög um happdrætti og sérlög um ýmis peninga- og vöruhappdrætti. Í slíkum heildarlögum þurfa að koma fram:

- heildarviðhorf löggjafans til happdrætta,
- þörf fyrir opinbert utanumhald,
- þörf fyrir fyrirbyggjandi aðgerðir gegn spilaáráttu/fíkn og
- hömlun gegn því að hægt sé að höfða til barna, fatlaðra eða þeirra, sem sárlega eru peninga þurfi, um ríkidæmi og lausn allra fjárhagserfiðleika með þátttöku í happdrætti.

Eins og lögín eru sett fram hér er erfitt að átta sig á hvaða tegundir happdrættis þau ná raunverulega yfir. Reglugerð, sem tekur af allan vafa um það er nauðsynleg. Að tala eingöngu um happdrætti veldur einnig ákveðnum ruglingi, þar sem tilboð til almennings um að græða stórfé á margvíslegan annan hátt en eftir hefðbundnum happdrættisleiðum, virðast eiga að falla undir þessi lög, nema um þau gildi sérlög. Eða er ekki svo? Gilda þessi lög ekki um BINGO, tombólur ýmiss konar og skafmiða? Þetta er of óljóst og ýtir undir þörf fyrir einn heildstæðan lagabálk.

### Umsögn um einstakar greinar:

- 1. grein:** Í greininni segir að lög þessi gildi um hvers konar happdrætti, en síðan kemur í ljós í annarri grein að peningahappdrætti séu undanskilin, nema hvað varðar ákveðnar málsgreinar ákveðinna greina, enda séu um þau sérstök lög. Þó má skilja greinagerð með frumvarpinu þannig að skafmiðahappdrætti falli undir þessi lög, en erfitt er að líta á slík happdrætti á annan hátt en sem peningahappdrætti. Við teljum eðlilegra að engar undantekningar séu gerðar og lögín fjalli um allar gerðir happdrætta, þ.m.t. peningahappdrætti og happdrætti/lotto/fjárhættuspil á alnetinu o.fl. slíkt. Þá er og ruglingslegt að tala hér um peningahappdrætti, þar sem happdrætti DAS og SÍBS teljast ekki peningahappdrætti, en um þau gilda m.a. þau sérlög, sem hér er vitnað til. Í síðari málsgrein 1. greinar segir að ráðherra **skuli** mæla nánar fyrir um skilgreiningu... o.s.frv. og er það af hinu góða, en í greinagerð með 1. gr. segir að ráðherra **geti** kveðið nánar á um skilgreiningu... Að okkar mati er reglugerð mjög nauðsynleg með lögnum til nánari

skilgreininga og útfærslu. Þetta sama á við um 12. gr., þar sem segir að ráðherra **geti** sett nánari reglur um framkvæmd laganna. Að okkar mati er orðalag 1. gr. nauðsynlegt, svo ekki fari milli mála að reglugerð verði sett, þar sem fram komi skilgreiningar og nánari útfærsla á lögnum.

2. **grein:** Hér ætti að fella út umræðu um sériög um peningahappdrætti, enda segir í 1. gr. að lögin nái til allra happdrætta.
3. **grein:** Við lítum það alvarlegum augum að opnað skuli á að rekstraraðilar happdrætta geti verið með staðfestu erlendis. Reynt er að hamla gegn áhuga þeirra með því að setja það skilyrði að verið sé að afla fjár til almannaheilla hér á landi, en með því að tala einnig um alþjóðlegt mannúðarstarf í því sambandi, er að okkar mati verið að opna allar flóðgáttir. Þetta mun kalla á stöðugt eftirlit með því að farið sé að lögnum hvað varðar það til hvers fjárins er aflað.
4. **grein:** Önnur setning greinarinnar er ein af þeim setningum í lögnum, sem ruglar lesandann og ýtir undir þörfina fyrir heildarlög um happdrætti, þar sem ekkert er undanskilið. Hvers vegna er tekið sérstaklega fram að miðað sé "*við að vinningar séu vara eða þjónusta*", ef þessi lög ná ekki yfir peningahappdrætti?
5. **grein:** Fyrsta setning greinarinnar sýnir áhyggjur löggjafans af afleiðingum happdrættisrekstrar og er ágæt. Það er hins vegar spurning um mikilvægi þessarar athugasemdar í lögum, sem ekki ná yfir peningahappdrætti, lotto og spilavélar. Flestar rannsóknir benda til þess að tíminn sem líður frá því að einstaklingur gerir eitthvað og þar til hann fær svörun um hvort hann hefur unnið eða ekki, sé afgerandi varðandi myndun spilaárattu/fíknar ásamt möguleika á góðum gróða. Happdrætti, sem sjaldan er dregið í (sbr. upphaf síðari mgr. 5. gr.) og hafa fyrst og fremst vörur sem vinninga, eru lítt eða ekki aðlaðandi fyrir spilafíkla og þau hafa ekki mikla þýðingu í myndun fíkninnar/áráttunnar. Það eru nánast bara BINGO, tombólur og skafmiðahappdrætti, sem falla að þeim skilmálum. Þessi athugasemd á því miklu betur heima í lögum sem fjalla um peningahappdrætti eða öllu heldur öll happdrætti, þó vissulega sé ágætt að hafa hana hér. Í síðari málsgrein segir að leyfu skuli að jafnaði bundið því skilyrði að ekki megi draga oft en einu sinni í happdrættinu. Þetta er vel skiljanlegt þegar haft er í huga venjulegt happdrætti, en hvað með aðrar tegundir gróðatilboða eins og BINGO eða skafmiða? Á stöðugt að vera að gefa út leyfi vegna þessarar tegundar happdrættis?
12. **grein:** Í stað orðanna: "Ráðherra getur sett nánari reglur.." standi: "*Ráðherra setur nánari reglur...*"

Virðingarfyllt,  
f.h. Samtaka áhugafólks um aðgerðir gegn spilafíkn,

Sigtryggur Jónsson

Svanhildur Kaaber